

Uppruni, þróun og umhverfi okkar dýranna - skyldleiki, samlíf og verðmætamat -

Skúli Skúlason
Háskólinn á Hólum
Náttúruminjasafn Íslands

Tilkomumikið líf en vandasamt

- Lífið hefur kviknað og þróast með undraverðum hætti, fjölbreytni lífvera er mikil og starfsemi þeirra flókin og stórkostleg
- Við upplifum lífið sem dásamlegt fyrirbæri og ómetanlegt
- En hvernig eigum við að haga lífinu og til hvers ætlumst við af náttúrunni sem við erum hluti af bæði innan sem utan?
- Við mennirnir spillum umhverfinu, og sjáum veruleikann oftast út frá okkar sérhagsmunum, skammsýni og skeytingaleysi er allsráðandi
- Mikið vantar á að við sýnum veruleikanum / náttúrunni virðingu, komum t.d. oft illa fram við önnur dýr bæði villt og þau sem eru í okkar umsjá


Skyldleiki lífvera, tegunda, stofna og einstaklinga

- Allar lífverur eiga sameiginlegan uppruna og þróunarsögu – „tré lífsins“
- Við deilum saman efnum, t.d. stórum hluta erfðaefnisins og próteinum sem gera frumum, líffærum og líkömum fært að starfa
- Líkamar ólíkra tegunda þroskast og starfa á svipaðan hátt, og þarfir okkar, skynjun og samskipti við umhverfið eru, í öllum sínum fjölbreytileika, glettilega sambærileg
- Í nýjustu líffræðikenningum er litið á framvindu lífsins sem margbreytilegt kerfi (network) innri og ytri áhrifaþátta sem einkennast af miklum samskiptum og skilboðum milli eininga og ferla

veraldleg gæði

andleg gæði

Öll þessi gæði / verðmæti eiga með einum eða öðrum hætti uppsprettu í náttúrunni



A: almenn tengsl
B: nán tengsl
C: tengsl við sjálfið

A: réttlæti og virðing

siðferðileg gæði

Dýr og önnur lífsform hafa í öllum sínum fjölbreytileika aðgang að þessum verðmætum og þessi aðgangur einkennir og mótar allt þeirra innra og ytra líf, - þau eru hluti af sömu náttúru. Þessi aðgangur felur líka í sér upplýsingar um uppruna og hvað felst í því að vera lifandi

Aðgangur að veruleikanum / náttúrunni

- Veruleiki hverrar lífveru eða lífsforms („verund“ – „being“) einkennist af sérstöku eðli hennar og starfsemi
- Þannig myndar hver lífvera sinn (litla) veruleika eða umhverfi, „umwelt“ – nátengt líffræðihugtakinu „vist“ („niche“)
- má sjá þetta sem blöðru sem viðkomandi lífvera er í
- Slík umhverfi endurspeglir aðgang og skapandi þátt lífvera gagnvart verðmætum náttúrunnar í okkur og utan (sjá líkanið áðan)
- Þegar allar blöðrurnar koma saman, eða umhverfi allra lífveranna verður til eins konar hljómkviða
- Vitund, þekking og tilhlýðileg virðing fyrir verðmætaumhverfi annarra lífvera hlýtur að vera grunnforsenda þess að lífkerfi geti starfað saman
- í samkeppni eða samvinnu
- Líffræðileg aðlögun lífvera í útliti, lífshlaupi og atferli er í vissum skilningi leið náttúrunnar til að stuðla að þessu – lífverur koma sér fyrir í náttúrunni

Lífið í náttúrunni

- Þessi nálgun kallar á heildarsýn á náttúruna, þar sem verðmæti þess að lifa, leysa vandamál tilverunnar í efnislegum og ferlalegum skilningi, eru í fyrirrúmi á öllum stigum málsins
- Ferlar frumunnar, vefjanna, skynjunarinnar, hugsunarinnar, o.s.frv. eru nátengdir – „sál“ og „líkami“ eru ekki aðskilin. Þetta tengist ýmsum kenningum í frumspeki og verufræði, t.d. Aristotelesi
- Við „hugsum“ með öllum líkamanum
- Sambandið við náttúruna tengir okkur við uppruna okkar og allt sem er, það er forsenda hugsunar okkar og hugtaka – heimur reynslu og náms (sjá t.d. Pál Skúlasons, 2014, 2015)

Vélhyggja / mechanical thinking

- Á 20. og 21. öldinni hefur vélræn sýn á náttúruna verið alsráðandi hjá okkur mönnunum, sem setur okkar eigin verðmætaperf í öndvegi
- Í þessu felst viss afsiðun á samskiptum okkar við önnur fyrirbæri náttúrunnar og jafnvel aðra einstaklinga sömu tegundar – gildi verða víðsfjarri eða takmörkuð við manninn og „sál“ hans
 - Margir telja að dýr hafi ekki tilfinningar og að fiskar finni ekki til, sjá t.d. fyrirlestur dr. Victoriu Braithwaite: <https://www.youtube.com/watch?v=cyjHHmc7QB0>
- Þetta er oft tengt við kenningar Descartes á tímum vísindabyltingarinnar, þar sem hann gaf mönnum sálina, en dýr voru sálarlaus og höfðu ekki tilfinningar, sem réttlætti m.a. villimannslegar tilraunir á þeim
- Ofuráhersla á sérstöðu okkar og sértæka hagsmuni er líklega skýring þess hvesu illa er komið í samskiptum okkar við önnur náttúrufyrirbæri

Framlag líffræðinnar til endursiðvæðingar

- Mikil umræða er í gangi og margt spennandi að gerast í þessum fræðum sem víkur frá ríkjandi heimssýn vélhyggju
- Aukinn skilningur á flóknum kerfum og ferlum í vistfræði, þróun og þroska lífveranna hefur m.a. dregið fram margháttað samskiptakerfi, t.d. í starfsemi innan fruma, milli fruma í líkamanum, þætti innri og ytri umhverfisþátta, og í samskiptum einstaklinga og tegunda
- Þetta sést vel á hugtakanotkun líffræðinga t.d.: „signaling“, „cue“, „information“ „messenger“ „reception“, „receptors“ „reciprocal causality“, „networking“, „cross talking of cells“, „memory“, „niche construction“, „parental care“ o.m.fl.

Framlag líffræðinnar

- Bent hefur verið á að verðmætar / gagnlegar upplýsingar verða til og eru geymdar í efnum og ferlum (t.d. DNA); og í samskiptum eininga þurfi að huga meira að hvernig móttakandi skilur skilaboð og bregst við; einingar bregðast oft á svipaðan hátt við mjög ólíkum skilaboðum sem undirstrikar mikilvægi túlkunar, „skilnings“ eða „hugsunar“ í þessari atburðaráðs

„A protein is meaningful only if it is useful, and defective mutant proteins...have lost their meaning“ Wagner (2014)

- Felur í sér áherslu á gagnsemi, tilgang og markmið hluta og ferla
- Þetta er nátengt kenningum um tilurð merkingar, eða „signification“ hluta eða atburðarásar (sjá Pál Skúlason 2015 og Hoffmeyer 1993, 2008)
- Í líftáknfræði (biosemiotics) er þetta skoðað sérstaklega (t.d. Hoffmeyer 2008)

Framlag líffræðinnar

- Annað dæmi er að uppgötvanir á víðtæku hlutverki baktería og sveppa í starfsemi einstakra dýra hafa leitt huga líffræðinga að grundvallarpurningunni hvað sé „einstaklingur“ eða „sjálf“

„Reality consists of „becoming with“ where the „self“ does not exist prior to interactive relations with others“ Gilbert & Epel (2015)

Að lokum

- Um leið og við erum sammála um að lífið sé stórkostlegt og virðing fyrir því sé grundvallarboð, er ófullkomleikinn og breiskleiki órofa hluti tilveru okkar
- Tengsl við verðmæti náttúrunnar eru ekki sjálfgefin og krefjast hugsunar og vandvirkni
- Áhrif vélhyggju og efnishugsunar hafa verið mjög skaðleg fyrir siðfræði náttúrunnar, ekki síst samskipti okkar við önnur dýr
- Við stöndum frammi fyrir miklum áskorunum um framtíð lífs á jörðu og það er grundvallaratriði að hver og einn og allar stofnanir þjóðfélagsins leggist á eitt að bæta þar úr
- Margt gott er að gerast í þeim efnum, m.a. í náttúruvísindum



Mynd: Sigurlína Magnúsdóttir